

**Eftirfarandi upplýsingum er ætlað að auðvelda ykkur að kanna ástand raflagna á heimilinu. Rafmagnsprófið gefur vísbendingar um hvort einhverju sé ábótavant. Úr sumu má bæta með betri umgengni en flestar úrbætur kalla á fagþekkingu. Fáíð löggiltan rafverktaka í lið með ykkur til að tryggja öryggi fjölskyldunnar. Fúsk getur reynst dýrkeypt og valdið ómældum skaða.**

### Rafmagnstaflan

Rafmagnstaflan er hjarta rafkerfisins í hverju húsi. Um hana fer allt rafmagn sem notað er á heimilinu. Örygginn í rafmagnstöflunni eiga að varna því að of mikið álag eða skammhlaup valdi tjóni. Í eldri töflum eru bræðivör sem skipta þarf um þegar þau springa en í nýrri töflum eru varrofar sem slá út við bilun eða of mikið álag. Gamlar og illa farnar rafmagnstöflur geta verið hættulegar, ekki síst ef þær eru úr tré eða staðsettar inni í skápum þar sem nóg er um eldsmat. Í slíkum tilfellum er brýnt að láta löggiltan rafverktaka kanna ástand rafmagnstaflna og gera úrbætur áður en skaðinn er skeður. Bent skal á að í öllum rafmagnstöflum er mikilvægt að hafa skýrar og læsilegar merkingar sem sýna m.a. hvaða öryggi eru fyrir hvern húshluta og hversu sterk þau eru.

### Lekastraumsrofinn (bilunarstraumsrofinn)

Eitt helsta öryggistæki rafkerfisins er lekastraumsrofinn. Ef útleiðsla verður í raflögn, t.d. vegna bilunar í jarðtengdu tæki, á rofinn að slá út og rjúfa allan straum. Lekastraumsrofi kemur ekki að tilætluðum notum nema raflögnin sé jarðtengd og kanna þarf reglulega hvort hann virki með því að ýta á prófhnappinn.

### Innstungur (tenglar)

Við sækjum rafmagn fyrir þau tæki sem við notum í innstungur (tengla). Þær ættu að vera sem víðast í hverri íbúð, helst fleiri en ein í hverju herbergi. Innstungur þurfa að vera vel festar og tengiklær eiga að sitja tryggilega í þeim því að sambandsleysi getur valdið hita. Áriðandi er að skipta strax um brotin lok á innstungum til að varna því að heimilisfólk eða gestir komist í sneringu við rafmagn. Hægt er að fá innstungur með barnavörn og ýmsan annan búnað til að varna því að óvitar stingi hlutum í þær og skaði sig.

### Leiðslur og klær

Leiðslur (lausataugar) flytja rafmagnið frá innstungunum í raftækin. Stundum þarf að nota fjöltengi (fjöltengla) og þá er vert að hafa í huga að ekki er gott að hafa mörg orkufrek raftæki tengd í eitt og sama fjöltengið og að varasamt getur verið að tengja saman fjöltengi. Einnig er varasamt að flytja rafmagn langar leiðir með grönnum framlengingarleiðslum. Mikilvægt er að þessi rafbúnaður sé heill og óskemmdur. Brotnar klær og leiðslur með skemmdri einangrun bjóða hættunni heim. Jafnframt þarf að gæta þess að raftæki sem eiga að vera jarðtengd séu tengd í jarðtengdar innstungur og jarðtengingin ekki rofin með ójarðtengdu fjöltengi eða framlengingarleiðslu.



PIVITA HÚSBÍD / SIA - 09-2314

# Heimili þitt geymir eld í æðum

*Eru raflagnir í lagi hjá þér?*

Skúlagata 21 • 101 Reykjavík • Sími 591 6000 • Fax 591 6001 • brunamal@brunamal.is • www.brunamal.is

Brunamálastofnun

Brunamálastofnun

## Ljósarofar

Á hverjum degi notum við ljósarofa til þess að kveikja og slökkva ljósin. Oft þarf að þreifa eftir rofum í myrkri. Þess vegna er afar brýnt að þeir séu vel festir, heilir og óbrotnir þannig að sem minnst hætta sé á að notandinn fái straum úr þeim. Rofar slitna með tímanum og sambandsleysi í þeim getur bæði verið óþægilegt og varhuga-vert. Nauðsynlegt er að fá löggiltan rafverktaka til að yfirfara rofa ef vart verður sambandsleysis eða þeir hitna mikið.

## Ljós og önnur raftæki

Oft má ráða af ljósum og öðrum raftækjum hvort eitthvað er athugavert við rafkerfið. Ef skipta þarf oftar um perur í einu ljósastæði en öðru getur það m.a. bent til bilunar. Mikilvægt er að taka mark á slíkum fyrirboðum og láta löggiltan rafverktaka kanna hvað býr að baki. Ástæða er til að minna á að röng stærð eða gerð af peru getur orsakað bruna vegna þess hita sem myndast í ljósastæðinu.

# Hvers vegna geta gamlar raflagnir verið hættulegar?

## Tjörueinangrun

Fram undir 1950 voru flestar rafmagnsleiðslur sem lagðar voru í hús hér á landi með gúmmí- eða tjörueinangrun. Ekki er gert ráð fyrir að slík einangrun endist mikið lengur en í 25 ár því að hún kolast með tímanum og hættir að einangra. Afleiðingin er skammhlaup með neistaflugi sem getur kveikt í. Yfirleitt koma skemmdir á einangrun fyrst í ljós í tengidósum eða á öðrum tengistöðum. Ef þið hafið grun um að raflögnin hjá ykkur sé frá þeim tíma þegar enn var notuð tjöru- og gúmmíeinangrun er rétt að gera ráðstafanir til að endurnýja rafkerfið.

## Plasteinangrun

Upp úr 1950 tók plasteinangrun við af gúmmí- og tjörueinangruninni. Plastið endist mun betur en eldri einangrun. Þó getur plasteinangrun rafmagnsleiðslna gefið sig og molnað utan af virunum ef leiðsla hitnar óeðlilega mikið. Slíkt gerist t.d. ef grönn leiðsla er látin flytja meiri straum en hún er gerð fyrir. Öryggin í rafmagnstöflunni eiga að koma í veg fyrir að slíkt gerist í föstum raflögnum, svo framarlega sem ekki eru notuð sterkari öryggi en raflagnirnar eru gerðar fyrir.

# Rafmagnspróf

Svarið eftirfarandi spurningum samviskusamlega og strikið í eða dragið hring um það svar sem þið teljið eiga við hjá ykkur.

<b>Rafmagnstaflan</b>		
Er rafmagnstaflan gömul trétafla?	Já	Nei
Sést í bera víra eða tengingar í töflunni?	Já	Nei
Er búnaður töflunnar skemmdur eða brotinn?	Já	Nei
Springa öryggin oft eða slá út?	Já	Nei
Eru lélegar eða engar merkingar í töflunni?	Já	Nei
Er rafmagnstaflan án lekastraumsrofa?	Já	Nei
<b>Lekastraumsrofinn</b>		
Slær rofinn stundum út án sýnilegrar ástæðu?	Já	Nei
Er áfram rafmagn á íbúðinni eftir að þú hefur ýtt á prófhnappinn á lekastraumsrofanum?	Já	Nei
Hefur orðið bilun í rafkerfi eða raftæki en lekastraumsrofinn ekki slegið út?	Já	Nei
<b>Innstungur (tenglar)</b>		
Eru sumar innstungur á heimilinu ójarðtengdar?	Já	Nei
Eru brotin lok á innstungum?	Já	Nei
Eru mörg raftæki tengd í eina innstungu?	Já	Nei
Eru klær „lausar“ í einhverjum innstungum?	Já	Nei
Eru innstungur illa festar á vegg eða í veggdósir?	Já	Nei
<b>Ljósarofar</b>		
Eru brotin lok eða brotnir takkar á rofum?	Já	Nei
Ber á sambandsleysi í ljósarofum?	Já	Nei
Eru einhverjir rofar illa festir?	Já	Nei
Eru einhverjir rofar heitir?	Já	Nei
<b>Leiðslur (lausataugar)</b>		
Eru leiðslur í gangvegi eða undir gólfteppum?	Já	Nei
Liggja leiðslur þar sem þær geta klemmst, t.d. milli stafs og hurðar?	Já	Nei
Er gat eða sjáanlegt slit á leiðslum?	Já	Nei
Er þannig gengið frá klóm að sést í litaða einangrun víranna í leiðslunni?	Já	Nei
Eru tæki sem eiga að vera jarðtengd í ójarðtengdum innstungum?	Já	Nei
Liggja leiðslur í haug eða upprúllaðar þegar þær eru í notkun?	Já	Nei
<b>Ljós og önnur raftæki</b>		
Eru sterkari perur í ljósum en uppgefinn hámarksstyrkur segir til um?	Já	Nei
Eru sterk ljós (t.d. kastarar) staðsett nálægt brennanlegum efnum?	Já	Nei
Springa perur oftar í einu ljósastæði en öðru?	Já	Nei
Eru loftljós illa uppsett og hanga á tengingum?	Já	Nei



## Brotnar klær og leiðslur með skemmdri einangrun bjóða hættunni heim.

### Niðurstaða

Ef þið svarið öllum spurningunum neitandi bendir það til þess að ágætt ástand sé á raflögnum og rafbúnaði á heimili ykkar.

Eftir því sem já-unum fjölgar er meiri ástæða til að sýna aðgát og fá löggiltan rafverktaka til að gera úttekt á heimilinu.

Eitt eða fleiri já í hverjum hluta bendir til þess að raflagnir á heimilinu séu ekki eins og þær eiga að vera og tafarlaust þurfi að kalla til löggiltan rafverktaka.

Miklar breytingar hafa orðið á reglum um raflagnir frá því byrjað var að nota rafmagn hér á landi. Eldri raflagnir eru ekki endilega hættulegar en nauðsynlegt getur verið að fá löggilta rafverktaka til að gera úttekt á þeim og fara að tillögum um úrbætur. Mestu skiptir samt að við séum meðvituð um þær hættur sem rafmagnið býr yfir. Við tökum óþarfa áhættu með því að fresta lagfæringum á því sem er ábótavant í rafbúnaði heimilisins.